



Reykjavík, 8. maí 2024  
MSS24030074

Borgarráð

## **Tillaga öldungaráðs um upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar**

Á fundi öldungaráðs þann 8. maí 2024, var lögð fram að nýju tillaga öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar, sbr. 5. lið fundargerðar öldungaráðs frá 13. mars 2024. Jafnframt voru lagðar fram umsagnir menningar- íþróttá- og tómstundaráðs dags. 12. apríl 2024 og velferðarráðs dags. 30. apríl 2024, um tillöguna. MSS24030074  
Tillagan var samþykkt.

Öldungaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Öldungaráð fagnar því að verkefnið sé komið á reksþöl enda hefur ráðið unnið um skeið að leita leiða til að samræma framboð þjónustu tengda lýðheilsu, félagsstarfi, gjaldskrá og upplýsingagjöf fyrir eldra fólk þvert á svið borgarinnar á einn stað eins og kemur fram í bókun öldungaráðs þann 12. apríl 2023. Hvort frístundavefurinn verði fyrir valinu eða aðrar lausnir er þarft að vinnan fari sem fyrst í gang og mun öldungaráð vera til taks þegar sú vinna hefst hjá menningar-, íþróttá- og tómstundasviði og velferðasviði.

Óskað er eftir að tillagan sé lögð fram á fundi borgarráðs og vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómstundasviðs, sbr. umsögn dags. 12. apríl 2024, um tillöguna.

Elísabet Pétursdóttir  
*Miðlæg stjórnsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt:  
Tillaga öldungaráðs  
Umsögn menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs  
Umsögn velferðarráðs



## TILLAGA

### Tillaga öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að Öldungaráð beini því til velferðarráðs og menningar-, íþróttá og tómstundaráðs í samvinnu við stafræna leiðtoga sviðanna að útbúa samræmdan upplýsingavettvang sem inniheldur upplýsingar, tímasetningar og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir, styrkir eða niðurgreiðir fyrir eldra fólk innan allra borgarhluta í rauntíma. Frístundavefur Reykjavíkurborgar, fristund.is væri góður grunnur til að byggja á en þar eru m.a. upplýsingar um tíma í íþróttahúsum, aðgengi tómstundaðila að skráningu inn í kerfið, hægt að velja eftir aldri, hverfum og tímabilum.

#### Greinagerð:

Rannsóknir sýna fram á að markviss og skipulögð heilsuefling og þátttaka gerir fólki kleift að búa lengur heima hjá sér, hefur þannig forvarnargildi fyrir einstaklinginn, eflir bæði líkamlega og andlega heilsu sem eykur lífsgæði. Sterkur er máttur heilsueflingar, félagslegrar þátttöku og virkni en fyrir utan líkamlegan og andlegan ávinning sem hlýst af hreyfingu þá vegur félagslegi þátturinn þungt í því að sporna gegn meinsemd 21. aldar - einmanaleikanum. Reykjavíkurborg býður upp á fjölbreytta og umfangsmikla þjónustu fyrir íbúa sína á öllum aldri. Samræmd upplýsingagjöf þvert á svið borgarinnar í rauntíma hefur vantað og vill Öldungaráð bæta úr því með þessari tillögu.

Telur Öldungaráð mikilvægt að í vinnunni yrði greint hversu víðtækur fjárhagslegur stuðningur borgarinnar er við skipulagt íþróttá-, félags- og tómstundarstarf samhliða annarri niðurgreiðslu til viðburða fyrir eldra fólk sem og yfirsýn yfir þátttöku hópsins þar sem því verður komið við. Upplýsingavettvangurinn myndi fanga meðal annars menningarviðburði, sundleikfimi, styrktarþjálfun, dagskrá gönguhópa og félagsmiðstöðva sem og aðra viðburði, námskeið eða afþreyingu innan starfstöðva borgarinnar

[Bæklingur velferðasviðs](#) um þjónustu eldra fólks inniheldur ekki upplýsingar í rauntíma um hvað sé í boði á hverjum tíma. Í þessu sambandi minnir Öldungaráð á Frístundavef Reykjavíkurborgar sem er nú þegar til, og þegar mikið notaður af borgarbúum og skiptir framboði niður eftir tegund, hverfum og aldri. Mikilvægt er að kostnaðarmeta slíkan upplýsingavettvang, hvar ábyrgð á framkvæmdinni gæti orðið. Jafnframt að horft verði til þjónustustefnu, lýðræðisstefnu, velferðastefnu og lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar í vinnunni, verkefnastjóra lýðheilsamála og hagaðila sem koma þurfa að vinnunni samhliða að vera í samtali og samvinnu við formann Öldungaráðs. Með því að samræma upplýsingagjöf um heilsueflingu og afþreyingu fyrir eldra fólk næst betur umfang þess sem er í boði, stuðlar að meira gagnsæi og getur orðið hvatning til íbúa að sækja sér afþreyingu ekki bara innan hverfis heldur einnig utan þess.





Reykjavík, 12. apríl 2024

MSS24030074

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Öldungaráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

### Tillaga Öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og alþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar.

Á fundi öldungaráðs 13. mars 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga ásamt greinargerð:

*Lagt er til að Öldungaráð beini því til velferðarráðs og menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs í samvinnu við stafræna leiðtoga sviðanna að útbúa samræmdan upplýsingavettvang sem inniheldur upplýsingar, tímasetningar og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir, styrkir eða niðurgreiðir fyrir eldra fólk innan allra borgarhluta í rauntíma. Frístundavefur Reykjavíkurborgar, fristund.is væri góður grunnur til að byggja á en þar eru m.a. upplýsingar um tíma í íþróttahúsum, aðgengi tómstundaðila að skráningu inn í kerfið, hægt að velja eftir aldri, hverfum og tímabilum.*

Óskað var eftir umsögn menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 12. apríl 2024 var eftirfarandi umsögn samþykkt:


Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð tekur undir mikilvægi þess að efla samræmda upplýsingagjöf með upplýsingavettvangi sem inniheldur upplýsingar, tímasetningar og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir, styrki eða niðurgreiðslur fyrir eldra fólk innan allra borgarhluta.

Á menningar- og íþróttasviði er verið að endurskoða Frístundavef Reykjavíkurborgar í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið, velferðarsvið og skóla- og frístundasvið. Markmið verkefnisins er að uppfæra framenda vefsvæðisins fristund.is og tengja hann við vefþjónustur annarra miðla svo hægt sé að safna upplýsingum um tilboð til barna í tómstundir á einn aðgengilegan stað fyrir foreldra, forráðafólk og aðra sem vinna með börnum. Lausnin mun einnig bjóðast þeim sem ekki eru að nýta aðrar lausnir að skrá sitt tilboð inn í gagnagrunn borgarinnar og gera þannig öll tilboð aðgengileg á einum stað. Hægt verður að skoða tilboð eftir aldri, búsetu og áhugasviðum. Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2024.

Í framhaldi er vilji hjá menningar- og íþróttasviði og velferðarsviði að skoða frekari þróun á lausninni þar sem hægt verði að skrá inn eða draga fram upplýsingar úr



**Reykjavík**



fleiri vefþjónustum sem bjóða upp á afþreyingu fyrir aðra hópa en börn s.s. eldri borgara. Þetta væri hægt að gera í þróunarfasa 2 í framhaldi að verklokum á núverandi verkefni. Þá er hægt að skoða markhópin og þjónustuframboðið, hvar það er skráð í dag og hvernig best er að draga upplýsingar fram á einn stað. Markmiðið er að gera þjónustuna aðgengilega öllum með veftengingu og aðgang að snjalltækjum eða tölvum. Eins býður lausnin skipuleggjendum viðburða fyrir þennan hóp leið til að skráð upplýsingar í gagnagrunn borgarinnar sem birt á framendanum fristund.is.

Verið er að skoða framendalausn með augum notendamiðrar hönnunar og út frá aðgengisstöðlum borgarinnar, lausnin ætti því að nýtast öllum hópum vel.

Kostnaður við frekari þróun ætti að vera undir útboðsmörkum borgarinnar þar sem framendi og allar helstu vefþjónustur verða þegar tengdar í fyrsta fasa verkefnisins. Aðlaga þarf birtingar á framenda að nýjum hópi og greina hvort vanti upp á tengingar. Þegar tæknin hefur verið útfærð og framendi uppfærður þarf að kynna lausnina fyrir nýjum markhópi og þeim sem starfa með honum svo þjónustan nýtist sem flestum.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Björn Björgvinsson,  
sviðsstjóri.



Reykjavík



Reykjavík, 30. apríl 2024  
MSS24030074

Öldungaráð

## Umsögn velferðarráðs um tillögu öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar

Á fundi velferðarráðs þann 17. apríl 2024 var lögð fram tillaga öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar, sbr. 4. lið fundargerðar öldungaráðs frá 13. mars 2024, ásamt umsögn menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs, dags. 12. apríl 2024.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Til umsagnar er tillaga öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar. Í vinnu stýrihóps um málefni eldra fólks hefur ósk um samræmdan upplýsingavef fyrir eldra fólk ítrekað komið fram í vinnuhópum. Velferðarráð tekur vel í tillöguna og vísar henni til skoðunar hjá stýrihópi um málefni eldra fólks.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir  
skrifstofustjóri  
*skrifstofa stjórnarsýslu*

Hjálagt:

Umsögn menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs, dags. 12. apríl 2024.



Reykjavík, 12. apríl 2024

MSS24030074

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Öldungaráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

### Tillaga Öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og alþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar.

Á fundi öldungaráðs 13. mars 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga ásamt greinargerð:

*Lagt er til að Öldungaráð beini því til velferðarráðs og menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs í samvinnu við stafræna leiðtoga sviðanna að útbúa samræmdan upplýsingavettvang sem inniheldur upplýsingar, tímasetningar og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir, styrkir eða niðurgreiðir fyrir eldra fólk innan allra borgarhluta í rauntíma. Frístundavefur Reykjavíkurborgar, fristund.is væri góður grunnur til að byggja á en þar eru m.a. upplýsingar um tíma í íþróttahúsum, aðgengi tómstundaðila að skráningu inn í kerfið, hægt að velja eftir aldri, hverfum og tímabilum.*

Óskað var eftir umsögn menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 12. apríl 2024 var eftirfarandi umsögn samþykkt:


Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð tekur undir mikilvægi þess að efla samræmda upplýsingagjöf með upplýsingavettvangi sem inniheldur upplýsingar, tímasetningar og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir, styrki eða niðurgreiðslur fyrir eldra fólk innan allra borgarhluta.

Á menningar- og íþróttasviði er verið að endurskoða Frístundavef Reykjavíkurborgar í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið, velferðarsvið og skóla- og frístundasvið. Markmið verkefnisins er að uppfæra framenda vefsvæðisins fristund.is og tengja hann við vefþjónustur annarra miðla svo hægt sé að safna upplýsingum um tilboð til barna í tómstundir á einn aðgengilegan stað fyrir foreldra, forráðafólk og aðra sem vinna með börnum. Lausnin mun einnig bjóðast þeim sem ekki eru að nýta aðrar lausnir að skrá sitt tilboð inn í gagnagrunn borgarinnar og gera þannig öll tilboð aðgengileg á einum stað. Hægt verður að skoða tilboð eftir aldri, búsetu og áhugasviðum. Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2024.

Í framhaldi er vilji hjá menningar- og íþróttasviði og velferðarsviði að skoða frekari þróun á lausninni þar sem hægt verði að skrá inn eða draga fram upplýsingar úr



**Reykjavík**



fleiri vefþjónustum sem bjóða upp á afþreyingu fyrir aðra hópa en börn s.s. eldri borgara. Þetta væri hægt að gera í þróunarfasa 2 í framhaldi að verklokum á núverandi verkefni. Þá er hægt að skoða markhópin og þjónustuframboðið, hvar það er skráð í dag og hvernig best er að draga upplýsingar fram á einn stað. Markmiðið er að gera þjónustuna aðgengilega öllum með veftengingu og aðgang að snjalltækjum eða tölvum. Eins býður lausnin skipuleggjendum viðburða fyrir þennan hóp leið til að skráð upplýsingar í gagnagrunn borgarinnar sem birt á framendanum [fristund.is](http://fristund.is).

Verið er að skoða framendalausn með augum notendamiðrar hönnunar og út frá aðgengisstöðlum borgarinnar, lausnin ætti því að nýtast öllum hópum vel.

Kostnaður við frekari þróun ætti að vera undir útboðsmörkum borgarinnar þar sem framendi og allar helstu vefþjónustur verða þegar tengdar í fyrsta fasa verkefnisins. Aðlaga þarf birtingar á framenda að nýjum hópi og greina hvort vanti upp á tengingar. Þegar tæknin hefur verið útfærð og framendi uppfærður þarf að kynna lausnina fyrir nýjum markhópi og þeim sem starfa með honum svo þjónustan nýtist sem flestum.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Björn Björgvinsson,  
sviðsstjóri.



Reykjavík